

## „Lagið í listinni“ - menningarverkefni nemenda í 1. bekk

Í febrúar hefjast skipulagðar heimsóknir kennara og nemenda 1. bekkja í opinberar menningarstofnanir á Íslandi. Þær stofnanir sem kynntar verða fyrir nemendum eru: Listasafn Íslands, Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í heimsóknunum fá nemendur leiðsögn fagfólks um húsakynni og menningarstarfsemi stofnananna. Góð samskipti hafa verið á milli skólans og ofangreindra menningarstofnana undanfarin ár og hafa nemendur upplifað og lært margt á ferðum sínum. Sérstök áhersla er lögð á tónlistina í þeim listformum sem við kynnumst, hvernig listin er í laginu - tónlist myndmálsins, myndmál tónlistarinnar og hvernig listformin sameinast í leikhúsinu. Verkefninu lýkur í vor með stofutónleikum og hljóðfærakynningu þar sem nemendur kynna listsköpun á vinnustofu listamanns.

Farið er í allar menningarferðirnar með strætisvagni frá söluturninum Aktu-Taktu og greiðir skólinn ferðakostnað. Mikilvægt er að mæta stundvíslega í skólann þá daga sem farið er í ferðirnar, því lagt er af stað strax eftir þjölluhringingu að morgni kl. **8:30**. Í hverja ferð fara ásamt nemendum, umsjónarkennari, tónmenntakennari og skólaliði eða annar starfsmaður skólans. Mikilvægt er að foreldrar brýni góða hegðun fyrir börnum sínum og að þau fari eftir öllum fyrirmælum í hvívetna. Nauðsynlegt er að nemendur séu klæddir eftir veðri og komi vel nærðir fyrir hverja menningarferð, því litla nesti fellur niður þá daga sem farið er í heimsóknirnar.

### Lagið í listinni – Ferðadagar

#### 1. MH

Mánudagurinn 2. febrúar Þjóðleikhúsið kl. 8:30  
Mánudagurinn 23. febrúar Listasafn Íslands kl. 8:30

#### 1. SG

Þriðjudagurinn 3. febrúar Þjóðleikhúsið kl. 8:30  
Þriðjudagurinn 24. febrúar Listasafn Íslands kl. 8:30

Heimsókn á tónleika/æfingu hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands verður föstudaginn 17. apríl 2009.  
Stofutónleikar verða í maí/júní, dagsetning auglýst síðar.

---

Hjördís Ástráðsdóttir tónmenntakennari, skipuleggjandi verkefnisins

---

Helga María Guðmundsdóttir aðstoðarskólustjóri, verndari verkefnisins